



Reykjavík, 15. janúar 2021

Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á markaðssetningu Íslenskra verðbréfa hf. á sjóðum í rekstri IV sjóða hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í febrúar 2020 athugun á markaðssetningu Íslenskra verðbréfa hf. á sjóðum í rekstri IV sjóða hf. á samfélagsmiðlum. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort orðalag og framsetning upplýsinga í auglýsingunum sem birtust á samfélagsmiðlum í janúar 2020 væri í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, eins og þau voru þegar umrædd markaðssetning fór fram, lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti. Niðurstöður lágu fyrir í október 2020.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina gerði eftirlitið athugasemd við orðalag í tveimur auglýsingum sem birtar voru á samfélagsmiðlum í janúar 2020 og taldi það ekki samræmast kröfum 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sbr. 3. og 4. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti.

Orðalag auglýsinganna fól í sér samanburð við aðra sjóði án þess að fram kæmi með skýrum hætti hvaða lykilstærðir eða forsendur voru notaðar við samanburðinn. Þar af leiðandi var, að mati Fjármálaeftirlitsins, erfitt fyrir fjárfesta að meta hvort samanburðurinn væri marktækur eða hvort hann væri settur fram af sanngirni og jafnræði. Fjármálaeftirlitið mat það svo að orðalagið fæli í sér fullyrðingar sem væru misvísandi og blekkjandi. Þá taldi Fjármálaeftirlitið að fullyrðingarnar fælu einnig í sér upplýsingar um þróun og gengi sjóðanna þar sem vísað væri til ávöxtunar þeirra, án þess að settar væru fram fullnægjandi upplýsingar fyrir síðastliðin fimm ár m.v. 12 mánaða tímabil eða að fram kæmi viðvörðun um að tölurnar vísuðu til fortíðar og að árangur í fortíð gæfi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.